

**Viðtakandi: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra**  
**Sendandi: Þórir Guðmundsson formaður Þróunarsamvinnunefndar**  
**Dagsetning: 11. mars, 2022**  
**Efni: Fundur Þróunarsamvinnunefndar 25. febrúar, 2022**

Ágæta Þórdís Kolbrún,

Á fundi Þróunarsamvinnunefndar þann 25. febrúar síðstliðinn var samþykkt að ég myndi skrifa þér stutt minnisblað eftir fundi nefndarinnar. Það er í samræmi við samtal mitt við Þórlind Kjartansson aðstoðarmann þinn fyrr í mánuðinum.

### **Félagasamtök**

Aðalefni fundarins var samstarf ráðuneytisins við félagasamtök. Fram kom ánægja með samstarfið, bæði af hálfu ráðuneytisins og félagasamtaka. Þau eru nálæg skjólstæðingum, viðbragðsfljót, safna sjálf fjármunum, fá almenning í lið með sér, og sum njóta stærðarhagkvæmni af að tilheyra alþjóðlegum samtökum. Þetta síðastnefnda gefur þeim að auki tækifæri til að koma áherslum Íslands í þróunarsamvinnu á framfæri alþjóðlega.

Úttekt á samstarfinu leiddi í ljós að rammasamningar væru ákjósanlegt samstarfsform við stærri félagasamtök. Í fjárhagslegri áreiðanleikakönnun KPMG voru fjögur samtök metin hæf til rammamningsgerðar.

Sú skoðun kom fram að veita mætti mun meiri fjármunum í gegnum félagasamtök en gert er. Áætluð framlög til þeirra nema 6% heildarframlaga 2022 en helstu samstarfslönd Íslands verja mun stærri hlut sinna framlaga í gegnum félagasamtök. Á fundinum var nefnt að stefna mætti að því að 8 – 15% framlaga yrði veitt í gegnum íslensk félagasamtök.


### **Þróunarsamvinnunefnd**

Farið var yfir hlutverk og starfsemi nefndarinnar, enda margir fulltrúar að taka þátt í störfum hennar í fyrsta sinn. Undirstrikað var það hlutverk nefndarinnar að vera ráðgefandi fyrir utanríkisráðherra varðandi stefnumarkandi ákvarðanir í málaflokknum. Til þess að rækta þetta hlutverk þarf nefndin að koma eins snemma að stefnumarkandi ákvörðunum og kostur er.

Að lokum var rætt um inntak þeirrar lagagreinar að „fulltrúi ráðuneytisins“ skuli sitja fundi nefndarinnar. Fram kom sá skilningur nefndarmanna að hér væri líklega átt við skrifstofustjóra, aðstoðarmann ráðherra eða fulltrúa þeirra fremur en ritara nefndarinnar.

Mitt mat er að viðvera fulltrúa ráðuneytisins, sem kemur að stefnumarkandi ákvörðunum, hefði jákvæð áhrif á starf nefndarinnar og myndi styðja við ráðgefandi hlutverk hennar. Ég vil þess vegna beina því til þín og yfirstjórnar ráðuneytisins að skoða þetta atriði.

Með vinsemd og virðingu,



Þórir Guðmundsson  
formaður Þróunarsamvinnunefndar